

152. löggjafarþing 2021 – 2022.

Þingskjal 172 – 170. mál.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 12/2013 um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.

Móttakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Sendandi: Torg ehf., útgáfufélag

Samkvæmt tölvupósti frá nefndarsviði Alþingis sendir Torg ehf. eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp.

1. Gert er ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi 1. janúar 2024
Einkareknir íslenskir fjölmiðlar hafa um langt árabil bent á það ójafnræði sem ríkir á auglýsingamarkaði hérlendis, fylgifisks samkeppnisrekstrar Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) en stofnunin hefur komist upp með það um árabil að aðgreina ekki nægjanlega þann hluta rekstrarins frá almannapjónustu, svo sem lög gera ráð fyrir. Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu kemur fram að tekjur RÚV hafi numið 1.946 milljónum króna á árinu 2020. Vart er að búast við tekjur RÚV verði minni árin 2022 og 2023, eða fram að gildistöku laganna. Gera má því ráð fyrir að u.þ.b. 4 milljarða króna auglýsingatekjur renni til RÚV fram að gildistökunni.
Benda má á að RÚV þurfi tíma til að bregðast við breytingu í tekjuhlið stofnunarinnar en frumvarpið gerir ráð fyrir tveimur árum til þess. Á síkvikum markaði hafa einkareknir fjölmiðlar þurft að laga sig að gerbreyttu rekstrarumhverfi eins og hendi sé veifað. Nægir þar að vísa til áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru sem setti tekjuöflun þeirra í uppnám á einni nóttu í ársbyrjun 2020 og grípa varð til ráðstafana í rekstri þeirra samhliða.
Að ætla RÚV svo rúman tíma er því ofrausn. Lagt er til að miðað verði við mun styttra aðlögunartímabil.
2. Á sama hátt er bent á að gert er ráð fyrir að 2. gr. frumvarpsins gildi til bráðabirgða frá 1. janúar 2023 fram til gildistöku laganna. Með því að færa gildistöku fram eins og segir í lið 1. hér að ofan er ákvæði 2. gr. óþarft.
3. Í 1. gr. er fjallað um sýndarauglýsingar og að þær teljist ekki til viðskiptaboða. Bent er á að orðalagið er almennt og ekki með öllu ljóst til hvers konar auglýsinga er vísað og frá hverjum.
4. Sama gildir um vefútsendingar sem fyrir koma neðar í texta ákvæðisins.
5. Vakin er athygli á því að almennt hefur RÚV fært sig upp á skaftið í auglýsingasölu á undanförunum árum og orðið óvægnara í söluaðferðum sínum en löngum áður. En þar hefur stofnunin notið yfirburða stöðu sinnar á fjölmiðlamarkaði. Þessa hefur einnig gætt í alls kyns kostuðu efni hvort sem það hefur verið tekið fram eða ekki svo greinilegt sé og má því heita að RÚV hafi í síauknum mæli leitað sér aukatekna á þessum markaði af öllum sínum ríkisverndaða mætti. Hefur þetta gengið svo langt á

undanförnum misserum að sjálft ríkissjónvarp yfirbýður auglýsingasölufólk á markaðnum til að freista þess að fá stærri sneið af auglýsingafé fyrirtæka, félag og stofnana.

Fulltrúi Torgs ehf. er reiðubúinn að koma fyrir nefndina til að útskýra ofangreint eða rökstyðja frekar ef talin er þörf á því.

Virðingarfyllt,



Sigmundur Ernir Rúnarsson, aðalritstjóri



Jón Þórisson, forstjóri